

Nr.: STL-055	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 02		
Dags.: 23.10.2019.		
Höfundur: Skólameistari		
Síða 1 af 2		
<b>Skólasálfræðingur</b>		

<b>Svið/deild:</b>	<b>Nemendapjónusta</b>	<b>Starfshlutfall: 50%</b>
<b>Næsti yfirmaður:</b>	<b>Skólameistari</b>	

<b>Markmið starfs:</b>	Veita nemendum þjónustu í málum sem tengjast líðan og persónulegum högum þeirra. Skólasálfræðingi er ætlað að veita foreldrum, kennurum og öðru starfsfólki skólans ráðgjöf í málum einstakra nemenda.
------------------------	--

	<b>Ábyrgðarsvið</b>
1.	Tekur þátt í að skipuleggja ýmsar aðgerðir til að stuðla að betri líðan nemenda í skólanum og liðsinnir nemendum sem eiga við persónuleg vandamál að stríða.
2.	Situr í forvarnarteymi skólans.
3.	Ber ábyrgð á að upplýsingar um sálfræðipjónustu í skólanum séu réttar á heimasíðu VMA.
4.	Ber ábyrgð á að uppfæra eigin ferilskrá með því að afhenda viðeigandi gögn til starfsmannahalds jafnharðan (menntun, námskeið, o.fl.)
5.	Ber ábyrgð á að verkefni sem undir hann falla séu unnin samviskusamlega og innan settra tímamarka þannig að skólinn geti veitt sem besta þjónustu á hverjum tíma.

#### **Kröfur um hæfni (þekking, færni, eiginleikar)**

Hafi réttindi til að starfa sem sálfræðingur. Æskilegt er að viðkomandi hafi kennsluréttindi í framhaldsskóla. Hafi skipulagshæfileika og hæfni í mannlegum samskiptum ásamt sveigjanleika. Sýni frumkvæði, árvekni og þjónustulund.

	<b>Helstu verkefni</b>
1.	Tekur þátt í gerð markmiðsáætlana fyrir Verkmenntaskólann á Akureyri og ber ábyrgð á að þeim verði framfylgt gagnvart sínu sviði.
2.	Veita nemendum sálfræðipjónustu og vísa málum áfram á viðeigandi stofnanir.
3.	Halda hópnámskeið fyrir nemendur sem eru með kvíða eða depurð sem truflar daglegt líf.
4.	Tekur þátt í vinnu forvarnarteymis ásamt skólahjúkrunarfræðingi, námsráðgjöfum og forvarnarfulltrúa.
5.	Situr kynningarfundum með foreldrum nýnema.
6.	Kynnir nýnemum starf skólasálfræðings og þjónustu sem hann veitir.
7.	Skilar ársskýrslu til skólameistara í lok hvers skólaárs.
8.	Er stjórnendum og kennurum til ráðgjafar í erfiðum málum er varða nemendur.

23.10.19  
Amy

Nr.: STL-055	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 02		
Dags.:23.10.2019.	<b>Skólasálfræðingur</b>	
Höfundur:Skólameistari		
Samþykkt: Aðst.skólameistari		
Síða 2 af 2		

9.	Fylgist með nýjungum á sviði sálfræðipjónustu og skipuleggur eigin starfsþróun.
10.	Annast önnur verkefni sem honum eru falin og samkomulag er um.

<b>Tengsl</b>	
Daglega	Nemendur, foreldrar/forráðamenn og starfsfólk Verkmenntaskólans á Akureyri.
Sjaldnar	Starfsfólk ráðuneyta, heilbrigðisþjónustu og annarra skóla, erlendir og innlendir tengiliðir.

<b>Starfstími</b>	15. ágúst – 15. júní (sveiganlegur)
<b>Ráðningartími</b>	Ótímabundin ráðning.